



Hreppsnefnd - 220

FUNDARBOÐ

**220. fundur hreppsnefndar
verður haldinn stóra fundarsal m. skjá, 7. október 2020 og hefst kl. 15:00**

Dagskrá:

- 1. 2009068 - Minnisblað um forsendur fjárhagsáætlana 2021-2024**
- 2. 2010017 - Viðaukaáætlun Kjósarhrepps 2020**
- 3. 2009069 - Fjárhagsáætlun Kjósarhrepps 2021-2024 - drög að áætlun skatttekna**
- 4. 2005070 - Innri persónuverndarstefna**
- 5. 2005071 - Upplýsingaöryggisstefna**
- 6. 2005073 - Persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, fræðsla til starfsmanna**
- 7. 2007003 - Persónuverndaryfirlýsing Kjósahrepps**
- 8. 2005072 - Þagnarskyldu- og trúnaðaryfirlýsing**
- 9. 2009035 - Veðurstöð í Tíðarskarði**

Fulltrúar Kjósarhrepps hafa óskað eftir því við Vegagerðina að sett verði upp veðurstöð við Tíðaskarð í Hvalfirði en á þessum stað gera oft varasöm veður sem geta skapað hættu fyrir íbúa hreppsins sem og vegfarendur.
- 10. 2009042 - Samgöngu- og fjarskiptanefnd - Fundargerð nr. 9**
- 11. 2002028 - Búfjárhald - erindi til hreppsnefndar**

Heiðraða Hreppsnefnd.

Óska eftir að eftir farandi erindi verði tekið til efnislegrar meðferðar og afgreiðslu í Hreppsnefnd Kjósarhrepps:

Ég undirritaður, Finnur Pétursson, f.h. Káraness ehf, óska eftir því að Hreppsnefnd Kjósarhrepps banni lausagöngu búfjár í sveitarfélaginu í samræmi við 7. og 8. málslíð 3. gr. Laga um búfjárhald nr. 38, og/eða 5. gr sömu laga.
- 12. 2010001 - Umsögn um mál varðandi lausagöngu búfjár**
- 13. 2009060 - Umsögn um mál varðandi lausagöngu búfjár**
- 14. 2009071 - Starfshópur, girðingar umbætur og hagræðing.**

Efni: Girðingar á vegum opinberra aðila.
Skipaður hefur verið starfshópur á vegum allra ráðuneyta ríkisstjórnarinnar með það markmið að móta samstarf helstu aðila sem hagsmuna hafa að gæta varðandi



umbætur og hagræðingu vegna girðinga og hvernig þetta samstarf verði best unnið á svæðisvísu.

15. 2010003 - Deiliskipulag frístundabyggðar við Sandsá, Eyjar II .

Deiliskipulag frístundabyggðar við Sandsá, Eyjar II.

Lögð fram breytt tillaga að áður auglýstu deiliskipulagi samkvæmt 1. mgr. 42. gr. Skipulagslaga.

Afgreiðsla: Nefndin leggur til við hreppsnefnd að samþykkja breytta tillögu þar sem helgunarsvæði vegna hitaveitulagnar verði amk 6 metrar.

Tillagan er óbreytt í grundvallaratriðum og þarfnast ekki auglýsingar samanber 4. mgr. 41. gr.

16. 2010004 - Breyting á deiliskipulagi Háls.

Breyting á deiliskipulagi Háls.

Deiliskipulagsbreytingin felur annarsvegar í sér breytingar á lóðarmörkum þriggja lóða. Breytingar eru gerðar á lóðarmörkum lóða nr. 7, 11 og 13.

Deiliskipulagsbreytingin felur einnig í sér að byggingarreitum á lóð númer 9 við Hálsenda fjölgar frá einum í tvo. Þar með verður heimilt að reisa tvö frístundahús á lóðinni. Engar breytingar eru gerðar á öðrum skipulags- og byggingarskilmálum.

Afgreiðsla: Nefndin leggur til að hreppsnefnd samþykki deiliskipulagstillöguna í samræmi við

3. mgr. 44. gr. Skipulagslaga.

17. 2010005 - Umsókn um stofnun landsspildna - Bær, L125953

Umsókn um stofnun landsspildna - Bær, L125953

Umsókn um stofnun 8 landsspildna úr jörðinni Bær.

Afgreiðsla: Samþykkt.

18. 2010006 - Eyrarkot - Skipulagslýsing - Breyting á aðalskipulagi.

Eyrarkot - Skipulagslýsing - Breyting á aðalskipulagi.

Lögð fram skipulagslýsing 22.09.2020 á breytingu á Aðalskipulagi Kjósarhrepps 2017-2029 á landnotkun í landi Eyrarkots.

Afgreiðsla: Nefndin leggur til að Hreppsnefnd láti auglýsa skipulagslýsinguna skv. 3. mgr. 40. gr. Skipulagslaga nr. 123/2010 og hún send til umsagnar Skipulagsstofnunar og viðeigandi umsagnaraðila.

19. 2010007 - Breyting á deiliskipulagi Hvamms og Hvammsvíkur - Beiðni um undanþágu.

Breyting á deiliskipulagi Hvamms og Hvammsvíkur - Beiðni um undanþágu.

Lagt fram bréf skipulagsfulltrúa Kjósarhrepps 24. ágúst 2020 til

Umhverfisráðuneytisins, þar sem óskað er eftir undanþágu frá grein 5.3.2.14. gr.

skipulagsreglugerðar nr. 90/2013 varðandi fjarlægð byggingarreits frá sjó. Í samræmi við 12. mgr. 45 gr. skipulagslaga nr. 123/2010 óskar ráðuneytið eftir umsögn Skipulagsstofnunar og Kjósarhrepps um beiðnina og að hún berist eigi síðar en 29. september nk.

Afgreiðsla: Nefndin er meðvituð um að byggingarreitur og athafnasvæði fyrirhugaðra framkvæmda í Hvammsvík eru innan 50 metra frá sjávarmáli. Undanþágu er því þörf



frá umhverfissráðuneytinu. Því er bréf skipulagsfulltrúa í samræmi við ákvörðun nefndarinnar og deiliskipulagstillögunnar. Nefndin leggur til við hreppsnefnd að afgreiða erindið með jákvæðum hætti.

- 20. 2010015 - Gjaldskrá - Skipulags- og byggingarmála**
- 21. 2010016 - Skipulags- og byggingarnefnd, Fundargerð nr. 139**
- 22. 2009009 - Um hlutverk og tilgang ungmennaráða sveitarfélaga - hvatning til sveitarfélaga**
Um hlutverk og tilgang ungmennaráða sveitarfélaga frá umboðsmanni barna.
- 23. 2010018 - Erindi frá DAP ehf - V. Breytingar á skráningu Þúfukots 4 (Nýjakot) landnr. 213977**
- 24. 2009034 - Áskorun - félag íslenskra handverksbrugghúsa**
- 25. 2009051 - Fundargerð 57. fundar Heilbrigðisnefndar Kjósarsvæðis**
- 26. 2009041 - Fundur stýrihóps um ferðaleið um Hvalfjörð og Akranes**
- 27. 2009007 - Fundargerð 886. fundar stjórnar sambandsins**
- 28. 2009039 - SSH Stjórn -fundargerð nr. 501**
- 29. 2009050 - Fundargerð 24. eigendafundar Strætó bs.**
- 30. 2009049 - Fundargerð 25. eigendafundar Sorpu bs.**
- 31. 2009070 - Fundargerð 887. fundar stjórnar sambandsins**
- 32. 2009037 - Niðurstöður könnunar á stafrænni stöðu sveitarfélaga 2020**
Niðurstöður könnunar á stafrænni stöðu sveitarfélaga 2020
- 33. 2009055 - Uppfært- Minnkandi starfshlutfall - Atvinnuleysi**
- 34. 2010014 - REGLUGERÐ Nr. 957_2020 um takmörkun á samkomum vegna farsóttar**
- 35. 2001004 - Önnur mál**

05.10.2020
Karl M. Kristjánsson, oddviti.